



Kennari:	Daníel Freyr Jónsson	Skammst.	DAN
----------	----------------------	----------	-----

ÁFANGALÝSING:

Í þessum áfanga verður fjallað um sagnaarf Íslendinga í formi goð- og þjóðsagna. Textar af ýmsum gerðum lesnir, greindir og tengdir við það umhverfi sem þeir spretta úr og áhrif þeirra á aðra texta rædd. Jafnframt verða skoðuð ýmis nútímaverk sem sækja efnivið sinn í eða spretta úr þessum sagnaarfi. Kenningar um munnlega hefð kynntar. Nemendur verða þjálfaðir í notkun bókmenntahugtaka og heimildavinnu, auk þess sem þeir kynna sér fræðilegar greinar sem tengjast efninu. Áhersla lögð á fjölbreytt og skapandi verkefni sem reyna á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og mismunandi hæfni nemenda, auka víðsýni og gagnrýna hugsun. Nemendur vinna ýmist hver fyrir sig eða með öðrum.

MARKMIÐ:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- upphafi íslenskrar ritmenningar
- munnlegri geymd
- ólíkri miðlun sagna, áhrifum og túlkun
- þjóðsagnafræðum
- áhrifum sagnaarfsins á nútímaverk
- algengustu stílbrögðum sem einkenna goð- og þjóðsögur
- uppbyggingu goð- og þjóðsagna
- samfélagi, hugmyndafræði og viðhorfum fólks á ólíkum tímum
- heimildanotkun í tengslum við verkefnavinnu og gildi mismunandi heimilda
- orðaforða sem einkennir sagnaarfinn

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa bókmenntatexta frá ólíkum tímum sér til gagns og gamans
- greina bókmenntatexta frá ólíkum tímum og fjalla um inntak þeirra í ræðu og riti
- greina áhrif goð- og þjóðsagna á nútímaverk
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- skilja lykilhugtök og mismunandi sjónarhorn í bókmenntum
- draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- ganga frá heimildaverkefnum og nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra til betrubóta
- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja, greina og tengja saman bókmenntatexta frá ólíkum tímum
- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta
- átta sig á samfélagslegum og bókmenntasögulegum skírskotunum, dulduðum boðskap og hugmyndum



- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti velja ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið
- nýta sér heimildir af ýmsum toga í tengslum við námsefni og verkefnavinnu

NÁMSGÖGN:

Snorra–Edda, hvaða útgáfa sem er, t.d. á netinu, en mælt með skólabókaútgáfu.

Eddukvæði, af norsku vefsíðunni Heimskringlu

Þjóðfræði hvað?, á rafrænu formi, tengill á Moodle.

Ritver HÍ: Leiðbeiningar með ritgerðaskrifum og heimildavinnu. Slóðin er: <https://ritver.hi.is/is>. Stuðst verður við **APA-kerfið** í heimildaskráningu.

Efni frá kennara á Moodle.

Innlitunarlykill í áfangann í Moodle er: **dvergar**

ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ OG FYRIRLÖGN NÁMSMATSÞÁTTA:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Lota 1 / Vika 36 - 38	Fjallað um munnlega geymd, flökkusögur og upprunasögur. Auk þess verður farið í grunnatriði táknafræði. Farið í einkenni rómantísku stefnunnar, ritun og söfnun sagnaarfsins.	Þjóðfræði hvað? (á Moodle), bls. 43-44 Efni frá kennara	Tvö Moodle-verkefni (2% hvort) 4%
Lota 2 / Vika 39 - 42	Fjallað í stuttu máli um trú, trúarbrögð, goðsagnir og skiptingu þeirra. Helstu goð, vættir og heimsmynd norrænnar goðafræði rifjuð upp. Sjónum verður síðan beint að ýmsum sögum sem þeim tengjast og finna má í SnorraEddu og Eddukvæðum.	Snorra-Edda: Gylfaginning og Skáldskaparmál Eddukvæðin Þrymskviða, Skírnismál, Rígsþula og Lokasenna Efni frá kennara	Fjögur Moodle-verkefni (2% hvert um sig) 8% Greinarýni í tengslum við goðsögur (10%)



Lota 3 / Vika 43 - 45	Kenningar um þjóðsögur og ævintýri reifaðar. Áhersla verður lögð á ævintýri, álfasögur, draugasögur, útilegumannasögur, tröllasögur og jólasögur.	Þjóðfræði hvað? - Á Moodle, bls. 4-6, 34-42 Efni frá kennara	Fjögur Moodle-verkefni (2% hvert um sig), 8% Greinarýni í tengslum við þjóðsögur (10%)
Lota 4 / Vika 46 - 48	Áhrif sagnaarfsins á aðra texta í víðum skilningi skoðuð, t.d. örnefni, mannanöfn, bókmenntir og dægurmenningu. Nemendur kynna sér nútímaverk sem er undir áhrifum sagnaarfsins og skrifa bókmenntaritgerð þar sem áhrif sagnaarfsins á bókina eru krufin.	Lesin skáldsaga undir áhrifum goð- og/eða þjóðsagna og skrifuð ritgerð þar sem áhrif sagnaarfsins á bókmenntaverkið er greind	Bókmenntaritgerð (20%)

NÁMSMAT OG VÆGI NÁMSMATSPÁTTA:

Matsform: <input type="checkbox"/> Símat <input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmats þættir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi
Moodle-verkefni	Tíu verkefni á Moodle, eyðufyllingar, ritgerðarspurningar, sannanir o.s.frv. (2% hvert).	20%
Ritun	Bókmenntaritgerð úr valbók	20%
Greinarýni	Nemendur lesa og rýna tvær greinar sem tengjast menningararfinum (2x10%)	20%
Lokapróf	Lokapróf úr efni annarinnar tekið í próftíð	40%
	Samtals:	100%
<u>Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í Innu á því formi sem best hentar.</u>		
Annað: Lögð er áhersla á að nemendur skili öllum námsmatspáttum. Þeir sem skila verkefnum eftir að skilafrestur er runninn út geta vænst þess að vera dregnir niður skv. reglum íslenskudeildar (sjá Moodle). Nemendur sem lána eða fá lánuð verkefni frá öðrum, þ.m.t. ChatGPT, fá einkunnina 0.		